

Aðalfundur FT

Hvenær: 14.maí 2009 17:00 **Hvar:** Íslandspósti Stórhöfða 29

Hverjir: Stjórn og óvenjumargir aðrir

Ólafur formaður tilnefndi Björgvin Áskelsson sem fundarstjóra. Samþykkt einróma. Birna tilefnd sem ritari aðalfundar. Samþykkt. Aðalfundur var boðaður í tölvupósti 30.apríl, með 14 daga fyrirvara og telst því löglegur. Engin mótmælir því.

1. Skýrsla um störf félagsins á liðnu starfsári. (flutt af Ólafi formanni)

Kæru tölvunarfræðingar, Velkomin á aðalfund 2009.

Þetta var verulega skrítið starfsár. Ég er búinn að vera í stjórn Félags tölvunarfræðinga í nokkur ár. Fyrst sem meðstjórnandi, svo í stjórn og loks núna 2 ár sem formaður. Þetta síðasta starfsár sker sig úr.

Ég vil þakka stjórninni sem starfað hefur síðasta ár fyrir skemmtilegt samstarf.

Stjórnin ætlaði að gera margt og höfðum ýmsar hugmyndir. Sumar þeirra komust í verk en aðrar bíða enn um sinn. Það þýðir þá bara að sú stjórn sem tekur við hefur verk að vinna.

Þegar ég lít yfir starfsárið sýnist mér að ýmislegt hafi gengið þokkalega. Við förum hægt í gang en svo hefur verið þokkalegur gangur á starfinu. Minna en á fyrra ári en samt þokkalegur gangur og sérstaklega miðað við hve skrítið þetta ár er búíð að vera.

Við reyndum að poppa félagið upp en félagar voru verulega þungir í drætti og höfðu á stundum takmarkaðan áhuga. Ég ætla að fara stuttlega yfir starfsemi félagsins þetta síðasta starfsár.

Starfið

Gildir félagar fyrir utan heiðursfélaga eru þessa stundina 337. Eitthvað vantar okkur af nýliðum en við erum að vinna í að laga það.

Stjórnarfundir þetta árið voru 8. Því miður hafa hvorki fundargerðir né annað efni tengt starfsemiinni ratað á vefinn þar sem það er búíð að standa til alls árið að laga hann. Þetta er núna í vinnslu að hér á eftir.

12. júní 2008: Aðalfundur. Hann telst líkast til ekki með atburðum starfsársins en þess í stað telst þá bara þessi fundur með atburðum þess starfsárs sem er að ljúka.
18. september: Heimsókn í nýja tölvudeild Reykjavíkurborgar. Hjörtur Grétarsson sýndi nýja aðstöðu í Borgartúni. Ég var því miður fjarstaddur en ég sá starfsemi þeirra í heimsókn á gamla staðinn.
23. október: Hvernig höldum við sjó? Þórkatla Aðalsteinsdóttir sálfræðingur kom á samlokufund til að upplýsa tölvunarfræðinga um hvaða ráð eru til að halda sönsum í ný-komnum efnahagshamförum
23. október: Heimsókn til Decode. Hákon Guðbjartsson kynnti okkur starfsemi Decode og þeirra upplýsingakerfi. Við fræddumst helling um DNA
17. nóvember: DoHop. Frosti Sigurjónsson fræddi FT um starfsemi DoHop. Síðan þá sé ég móta fyrir vinnslu DoHop á ýmsum vefjum sem ég hef notað til að finna ódýr flugfargjöld.
10. desember: Framtíð internetsins. Sæmundur E. Þorsteinsson veitti okkur innsýn í hvernig Síminn ætlar að haga framtíð internetsins. Hann útskýrði sýn Símans á hvernig við munum tengjast netinu í komandi framtíð mtt. hraða og gagnamagns.
3. apríl: Heimsókn til Umferðarstofu. Hugi Þórðarson sagði okkur frá frábæru starfi þeirra í upplýsingatæknimálum með áherslu á notkun á opnum hugbúnaði. Ótrúlega öflugt starf og til fyrirmyndar. code.us.is vefurinn er kominn í loftið og geymir endurnýtanlega hluti og stefjur sem þar hafa verið búnar til og eru núna tilbúnar til endurnýtingar.
7. apríl: Ólafur Andri Ragnarsson upplýsti okkur um margverðlaunaða leikjafyrirtækið Gogogic á samlokufundi. Þarna er á ferðinni fantaskemmtilegt fyrirtæki sem gerir hlutina algerlega á eigin forsendum án langtíma lántaka og fjármögnunar. Áherslan er m.a. á farsímaleiki. T.d. fyrir iPhone.

Annað

26. nóvember hélt Árni Freyr ekki nördakvöld sökum slægrar þáttöku.
26. febrúar hélt Árni Freyr aftur ekki nördakvöld – Árferðið viðist hafa dregið verulega úr áhuga félagsmanna til að lyfta sér upp. Reynum bara aftur seinna

Kjarakönnun var gerð í upphafi árs og niðurstöður verða kynntar hér á fundinum á eftir að venju.

Vefurinn

Á vordögum samdi félagið við Björk Ýr Jóhannsdóttur um að poppa upp vefinn okkar og færa hann í Joomla. Hún hefur reynslu af uppsetningu í Joomla og hefur hafið vefskapinn. Með nýjum vef hyggst stjórnin ná tökum á póstlistum og félagatali sem hefur verið í vægast sagt brothættu ástandi. Við ætlum að reyna að gera vef félagsins að öflugu upplýsingamiðlunartæki. Við erum búin að færa hýsinguna frá vodafone yfir til 1984.is sem á eftir að spara okkur nokkurt fé.

Facebook notkun mjakaðist af stað. Félagar í FT grúppunni eru í dag 263 en umræður / skoðanaskipti ekki miklar.

Í fyrra var auglýst eftir tillögum varðandi starfsemi FT. Það barst lítið. Sterkastur í þeirri deild hefur verið Stefán Freyr Stefánsson. Hann hefur sent inn nokkrar góðar uppástungur. Treystum aftur á að vefurinn muni skila okkur einhverju í þessi deildinni.

Eins og í fyrra var ekkert sent út á pappír en leitast við að fá tölvunarfræðinga til að tileinka sér tækni á borð við tölvupóst. Það gengur treglega. Skæðalaus eru skóarans börn Mikið af röngum t-póst skráningum hjá okkur. Vonandi lagar nýr vefur þetta ástand líka.

“Kláraðist ekki” deildin

Þetta er 25. starfsár Félags tölvunarfræðinta. Stjórnin er að undirbúa Open Source ráðstefnu og afmæli sem til stendur að halda í júlí. Þetta er allavega hugmynd að verkefni fyrir nýja stjórn.

Google, Gmail, allt eitt samsæri málstofa sem til stóð að halda er enn á bilista.

Cambridge ferð blásin af sökum lítils áhuga.

Önnur Mál

Félagsmenn hafa ekki haft álit á litun logos félagsins. Við munum velja fyrir félagana. Ég vona að nýrri stjórn takist að espa tölvunarfræðinga til meiri þáttöku í félagsstarfinu á komandi starfsári.

Takk fyrir.

2. Reikningsskil.

Árni gerði grein fyrir reikningum félagsins og voru þeir samþykktir.

Einari vildi sjá þróun tekna/gjalda uppreiknaða með vísitölu (verðbólgan farin að sýna sig)

3. Lagabreytingar.

Engar lagabreytingar bárust

4. Kosning stjórnar og varamanna.

Ólafur var einn í framboði sem formaður og kjörinn einróma. Sá fáheyrði atburður átti sér stað að ofgnótt félagsmanna bauð sig fram til stjórnarstarfa og spennandi kosningar fóru í hönd.

Stjórn:

Ólafur Tr. Þorsteins, Formaður

Birna Guðmundsdóttir, Ritari

Svavar G. Svavarsson, Gjaldkeri

Halla Einarisdóttir

Ólafur Kristinsson

Varamenn :

Jón Viðar Þorsteinsson

Monica Roismann

5. Kosning skoðunarmanna.

Skoðunarmenn voru einróma kjörnir, Ívar og Kjartan guðfeður félagsins

6. Ákvörðun félagsgjalda.

Bókað að Einar Indriða lagði til óbreytt félagsgjöld 3000 kr. (vakti furðu félgsmanna)

Ólafur formaður lagði einnig til óbreytt félagsgjöld

Árni fráfarandi gjaldkeri lagði til 3001 kr í púkkið

Björgvin Á lagði til lækkun niður í 2500 í ljósi hagnaðar

Kosning fór svona:

3.000 kr 11 atkvæði <- óbreytt félagsgjöld

2001 kr 1 atkvæði

2.500 kr 6 atkvæði

auð og ógild voru ekki talin

7. Önnur mál.

Björgvin Áskels sagði frá starfsemi stéttarfélagsins. Yfir henni væri ró og lítil nýting á lögfræðingi sem það hefði aðgang að. Aðalfundur stéttarfélagsins verður haldinn e. 2 vikur (frá Aðalfundi FT)
Hann ræddi atvinnuleysistölu tölvunarfræðina og kerfisfræðinga sem hafa sést nú eftir hrúnið. En þær virast aftur vera farnar að lækka

	okt08	nóv08	des08	jan09	feb09	mar09	apr09
Tölvunarfræði	12	20	25	41	75	76	69
Kerfisfræði	10	11	16	29	48	50	46

Stéttarfélagið stefnir á að semja við ríkið. En til þess þurfum við 42 í félagið, núna vantar 1. Þetta ætti að reddast fljótlega þar sem bankarnir eru orðnir ríkisstofnanir. Núna siglir stéttarfélagið með fél verkfræðinga.

Rætt var hvort algengt væri að hugbúnaðarfyrirtæki væru með dótturfélög erlendis, en fólk kannaðist ekki við að það væri í neinum verulegum mæli.

Rætt var um FOSS ráðstefnu sem stjórnin ráðgerir að halda í sumar. Hugmyndin var að hafa ókeypiss inn en fundarmenn voru ekki á einu máli um það. Kjartan Guðmundsson vill að hún verði látin standa undir sér.

Björgvin Á stingur uppá að einn sniglapóstur verði sendur út árlega (fljótlega) til að fá rétt netfang frá þeim all mörgu sem skipt hafa um netfang að undanfögnu.

Nýskráðir. Nokkra yngstu árganga tölvunarfræðinga vantar inní FT. Stjórn er í sambandi við háskólana sem taka vel í að aðstoða við að ná til nýrra tölvunarfræðinga.

Aðalfundi lokið um kl 18:21